Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála 1905-1908

Aðfnr. 1017, örk 13

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

19/12 fundur 9/1. 1908. –

10/1. 08. ósk. bæjargjaldkera, og fyrirlagt að senda peningana 9 kr. –

Fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Reykholtsdalshreppi og eftir umboði oddvita hennar, Einars Magnússonar á Steindórsstöðum, leyfi eg mér virðingarfyllst að óska þess, að 9 krónur, sem hreppssjóður á síðastliðnu fardagaári (vetrinn 1906/07) greiddi í lækniskostnað fyrir piltinn Lárus Hansson, verði endurgreiddar úr bæjarsjóði Reykjavíkur. – Lífsvottorð piltsins fylgir hér með. –

Upphæðin óskast send oddvita hreppsins beina leið.

Reykjavík 18. des. 1907.

Guðmundur Helgason
(frá Reykholti).

Sendist hinni heiðruðu fátækranefnd til afgreiðslu

Bæjarfógetinn í Reykjavík 20. des. 1907.

Halldór Daníelsson

Guðjón Hansson
og
Lárus Hansson voru
á Reykholtsdalshreppi, ómagar
Hendrikssonar, til 30/5. 1905.

Til

bæjarfógetans í Reykjavík

Bæjarfógetinn í Reykjavík
Dagbók 1907 No. 1308

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Reykholtsdalshreppi vottast hjermeð, að pilturinn Lárus Hansson (fæddur árið 1891) sje á lífi, og nú til heimilis á Stóra-Drageyri í Skorradalshreppi.

Lundi: 5. nóvemberm. 1907

Sigurður Jónsson.

Bæjarfógetinn í Reykjavík
Dagbók 1907 No. 1308

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 23/1. '08.

Vegna þess að jeg, sem er fátækur einyrki, og hefi 8 börn á aldrinum frá 3 til 12 ára fram að færa, og allar lífsnauðsynjar nú eru mjög dýrar, en hefi nú enga atvinnu við að styðjast, get jeg eigi lengur komist af með minn stóra barnahóp án þess að njóta stórkostlegrar hjálpar af fátækrasjóði, og því er jeg neyddur til og leyfi mjer auðmjúklega hjer með að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer 16 krónur á mánuði af fátækrasjóði frá byrjun næstkomandi febrúarmánaðar og framvegis, meðan hagir mínir eru eins örðugir, eins og þeir eru nú.

Vindheimum í Reykjavík, 22. janúar 1908.

Auðmjúklegast.

Pjetur Hafliðason.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á fundi 9/1. 1908.

Reykjavík, 8. Jan. 1908.

Jeg undirrituð leyfi mjer hjer með virðingarfylst að biðja hina háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkur að veita mjer 20 Kr. styrk til meðala-kaupa og læknishjálpar af fátækrasjóði, handa yngra barninu mínu sem hjá mjer er. Það hefur verið veikt síðan með ágúst síðastl. sumar, og er veikt enn þá. Jeg er því neydd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til af nefndum ástæðum
að biðja um styrk. —
Jeg vonti hinna beztu úrslita
þessa máls frá hálfu hinn
ar háttvirtu fátækranefnd-
ar. —

Virðingarfyllst.
Sigurlína Vigfúsdóttir
Vesturgötu 40.

Til
fátækranefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. dag Jan. mán. 1908

Með heiðruðu brjefi fátækranefndarinnar, dags. 9. þ.m. hef jeg meðtekið 5 kr. uppí meðlag frá Helgu Magnúsdóttur með barni hennar Láru Jónínu Jóhannesdóttur og veitist hjermeð viðurkenning fyrir greiðslunni.

Halldór Daníelsson.

Til

Formanns fátækranefndarinnar

Rvík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 18 dag jan. mán. 1908

Hreppsnefnd Borgarhrepps hefur í brjefi, dags. 16. þ.m. til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu viðurkennt sveitfesti Dýrleifar Guðmundsdóttur sem ræðir um í brjefi hinnar heiðruðu fátækranefndar, 24. nóvbr. f.á.

Viðurkenningarskjalið læt jeg fylgja hjermeð. –

Halldór Daníelsson

Til

Fátækranefndarinnar í

Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir tilmælum yðar, herra sýslumaður, lýsi jeg því hjer með yfir, að hreppsnefnd Borgarhrepps viðurkennir, að stúlkan Dýrleif Guðmundsdóttir sje sveitlæg hjer í hreppnum. – Þarsem nefnd stúlka hefir verið lögð inn á sjúkrahús að læknisráði, tekur hreppsnefndin hjer að sjer ábyrgð á kostnaðinum við dvöl hennar þar, lyf og læknis-hjálp, að svo miklu leyti sem sá kostnaður stígur ekki yfir 200 kr. fyrir 1 árs spítalavist. Það sem kostnaðurinn kynni að verða fram yfir þá upphæð, væntir nefndin að landssjóður greiði samkv. fátækralögum 10. nóv. 1905.

Brjef bæjarfógetans í Reykjavík þessu máli viðvíkjandi, endursendist yðar hjer með.

Einarsnesi 16. des. 1907

Böðvar Jónsson
p.t. oddviti

Til

Bæjarfógetinn í Reykjavík
Dagbók 19 08 No. 7

sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23/12

Sh. B. J. 92 No 2061 - 07

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. dag jan. mán. 1908.

Hjermeð sendi jeg hinni heiðruðu
1/ fátækranefnd eptirrit af viður-
kenningu fyrir sveitfesti þurfa-
1 mannsins Jóns Sæmundssonar í
Kjósarhreppi og þurfamannsins
Guðbjargar Guðmundsdóttur í
2/ Njarðvíkurhreppi. –

Halldór Daníelsson.

Til
fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit.

Skrifstofu Gullbringu og Kjósarsýslu
30. des. 1907.

Til svars brjefi fátækranefndar Reykjavíkur, dags. 15. okt. þ. á. er jeg meðtók með heiðraðu brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 18. s. m., hefur hreppsnefnd Kjósarhrepps í brjefi dags. 6. þ. m. tjáð mjer, að hún viðurkenni þar um roskinn Jón Sæmundsson sveitlægan í Kjósarhreppi og þar af leiðandi skuldbindur hún fátækrasjóð Kjósarhrepps til þess á sínum tíma, að greiða áfallinn og áfallandi kostnað af legu hans á sjúkrahúsinu og tekur á sig ábyrgð á þeim kostnaði sem og á útfararkostnaði hans ef til kemur. –

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með, herra bæjarfógeti. –

Páll Einarsson

Til bæjarfógetans í Reykjavík. –

Rjett eptirrit staðfestir

Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

Með brjefi þessu lýsum vjer því hjermeð yfir, að með því sjúklingurinn Guðbjörg Guðmundsdóttir, vinnukona Pjeturs Sigurðssonar á Framnesvegi Nr. 1 í Reykjavík en sem er nú flutt á geðveikrahælið á Kleppi, mun eiga framfærslusveit hjer í hreppi, þá ábyrgjumst vjer fyrir hreppsins hönd útborgun á kostnaði þeim er löglega leiðir af umræddum sjúklingi, þegar hreppsnefndin hefur meðtekið reikning yfir hann. –

Njarðvíkurhreppi 15. desbr. 1907

f. h. hreppsn.
Jón Jónsson
(p. t. Oddviti)

Rjett eptirrit staðfestir
Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Sæmundsson, frá Þórufelli í Kjós; 25 ára; tæi- [illegible]; hefur legið á spítalanum frá 3/10.– 9/12.07. – Berklaveikur. – Þess er farið á leit, (Sig. Jónss.), að fátækranefndin borgi 1 kr um daginn fæðispeninga og 6 kr um mánuðinn húsaleigu (36–37 kr um mánuðinn alls). –

12/12.07. Sér. Samþykkta ítarlega. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur fátækranefndar 12/12 - '07.

Jeg undirritaður tekst á hendur að láta Jón Tómasson fá fæði fyrir 1. eina krónu fyrir hvern dag. — Þetta gildir þó ekki lengur en 1. einn mánuð í senn. Svo má endurnýja ef kostnaður skyldi verða meiri en hjer er gjört ráð fyrir — Herbergi verður Jóni leigt frá þessum degi til 14 maí (hvort hann dvelur allan tímann eður ekki) fyrir 6 sex krónur fyrir hvern mánuð. —

Borgunar verður krafist mánaðarlega (bæði á fæði og húsaleigu) eða í lok hvers mánaðar —

Reykjavík 9. desember 1907

Jens Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 9/1.1908. frestað
J. E.

fundur 23/1.'08.

30/1.08. Ekki beiðst

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. dag jan. mán. 1908

Út af meðfylgjandi fyrirspurn frá fátækrastjórn Kaupmannahafnar um sveitfesti Kristjönu Jóhannesdóttir mælist jeg til að fá umsögn hinnar heiðruðu fátækranefndar og fylgiskjölin endursend með svarinu.

endursent!

Halldór Daníelsson.

Kr. er dóttir Jóhannesar biskups.–

Til
fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

28/1. 1908. Efnaleysis-vottorð gefið. —

Hje með leyfi jeg mje að sækja um til fátækranefnda Reykjavíkur að hún gjöri svo vel og gefi mje vottorðum að jeg sje ekki fe um vegna erfiðra kringumstæða minna nú sem stenda að greiða þær 33 Kr. 66 aura sem Aldursleyfi til fyrirhugað hjónabands okkar Guðrúnar Þorvaldsdóttir mundi kosta

virðingarfyllst.

Brynjólfur Karl Brynjúlfsson
Bræðraborgarstig № 18.

Til
Fátækranefndan Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skrá

yfir endurgoldnar skuldir utanbæjarþurfamanna til fátækrasjóðs Reykjavíkur 1907.—

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. Bjarni Þórðarson (Hraungerðishrepps) | | Kr. | 25.— |
| 2. Magnus Dalhoffsson (Neshr. ytri) | 1/1 | „ | 75.— |
| 3. Ólafur Gíslason (Ölfushrepps) | 1/1 | „ | 20.— |
| 4. Jónasína Jónasdóttir (Barðastr. hr.) | 1/1 | „ | 61.50 |
| 5. Stefán Runólfsson (Vatnsleysustr. hr.) | 2/3 | „ | 55.66 |
| 6. Friðrik Jónatansson (Grímseyjarhr.) | 1/1 | „ | 28.50 |
| 7. Bjarni Magnússon (Dyrhólahr.) | 1/1 | „ | 169.25 |
| 8. Anna Jónína Jensdóttir (Norðfjarðarhr. | 1/1 | „ | 81.39 |
| 9. Þorlaug Jónsdóttir (Rangárvallahr.) | 2/3 | „ | 42.67 |
| 10. Magnús Guðmundsson (Saurbæjarhr.) | 1/1 | „ | 44.— |
| 11 Katrín Þorleifsdóttir (Grímsneshr.) | 2/3 | „ | 50.— |
| 12 Ragnhildur Skaftadóttir (Borgarhr.) | 1/1 | „ | 357.75 |
| 13. Sigurður Jónsson (Auðkúluhr.) | 1/1 | „ | 90.— |
| 14. Þórður Bjarnason (ytri Akraneshr.) | 2/3 | „ | 157.73 |
| 15. Signý Ólafsdóttir (Gaulverjabæjarhr.) | 1/1 | „ | 33.62 |
| 16. Guðlaug Guðmundsdóttir (Rosmhv. hr.) | 1/1 | „ | 75.— |
| 17. Ólafur Guðmundsson (Borgarhr.) | 1/1 | „ | 50.— |
| 18. Guðsteinn Einarsson (Þingvallahr.) | 1/1 | „ | 40.— |
| 19. Elín Guðmundsdóttir (Auðakúluhr.) | 2/3 | „ | 121.96 |
| 20. Bjarni Guðmundsson (Holtam. hr.) | 1/1 | „ | 40.— |
| 21 Pálína Jónsdóttir (Vopnafjarðarhr.) | | „ | 26.67 |
| 22. Þóranna Jónsdóttir (Rangárvallahr.) | 2/3 | „ | 159.77 |
| Flyt | | Kr. | 1805.47 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fluttar Kr. 1805-47

| | | | |
|---|---|---|---|
| 23. Guðríður Árnadóttir (Sandvíkurhr.) | 1/1 | 11 – " |
| 24. Þórunn Ingimundardóttir (Rosmhvalan.hr. | 2/3 | 91 – " |

Samtals Kr. 1907-47

Bæjarfógetinn í Reykjavík 8. jan. 1908.

Halldór Daníelsson

(152/1 – 107
45.00 214
71,33
45
116,33

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

# Endurgoldnar skuldir utanbæjarþurfamanna 1906.

| | | |
|---|---|---|
| \ Guðlaug Guðmundsdóttir, Rosmhvalan.hr. | Kr. | 222-25 |
| \ Jón Eyjólfsson, Ytri Akraneshr. | " | 40-- |
| \ Jón Einarsson, Hvítársíðuhr. | " | 40-- |
| + Jón Guðmundsson (með h. m. Óskar Þorgils Jónsson) | " | 60-- |
| + Guðrún Magnúsdóttir Vatnsleysustr.hr. | " | 30-- |
| \ Kristmundur Jónsson — " — | " | 23-46 |
| \ Þórður Bjarnason Ytri Akraneshr. | " | 40-- |
| \ Ásbjörn Sveinbjarnarson, Villingaholtshr. | " | 65-- |
| \ Þórunn Ingimundard. Rosmhvalan.hr. | " | 64-- |
| \ Guðm. Guðmundsson, Landmannahr. | " | 40-- |
| \ Sigurður Ólafsson Miðneshr. | " | 15-- |
| \ Ólöf Þorkelsdóttir Stokkseyrarhr. | " | 3-- |
| - Jón Jónsson sótti Fljótshlíðarhr. | " | 23-80 |
| - Þuríður Magnúsdóttir Seyðisfjarðarhr. | " | 45-25 |
| - Þóra Björnsdóttir Kjalarneshr. | " | 168-35 |
| + Bjarni Guðmundsson Holtamhr. | " | 40-- |
| + Friðsemd Jónsdóttir Sandvíkurhr. | " | 50-- |
| + Jónas Jónasson Fellstrandarhr. | " | 137-25 |
| Samtals | Kr. | 1107-36 |

Bæjarfógetinn í Reykjavík 4. jan. 1907.

Halldór Daníelsson

Rjett eptirrit staðfestir

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 13/2. '08.

pt Reykjavík 4/2 – 08

Til Fátækranefndar Reykjavík
Þar sem mínar ástæður
eru þannig í bili að
jeg sje mjer ekki fært að
hjálpa Halldóri Jónssyni
og Guðbjörgu Þórðardóttir
á Spítala stíg No 4 frekar
en jeg hef gert. þá vil
jeg biðja hina Heiðruðu
Fátækra-nefndina að
hlaupa undir bagga nú
í bil og veita þeim mánaðar
leiga sama sem jeg hef þeim
til lagt, hver eru 12. kr
pr mánuð. Greiðist úr
fyrir mjer síðarmeir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg viljugur að hjálpa til ef á [illegible] [illegible]

Virðingarfyllst

Ágúst Benediktsson
Akranesi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

=20

fundur 13/2. '08.

Jeg undirritaður leifi mjer allra auðmjúklegast að fara þess á leit við hina heiðruðu fátækranefnd í Rvík að hún hlutaðist til um að mjer yrði sem fyrst veitt einhver hjálp af fátækrafje.
Jeg er 55 ára að aldri og á 5 börn lifandi hefi altaf verið hjer í Rvík og á Seltjarnarnesi, en er nú farinn að verða heilsuveill, og get því ekki unnið svo mikið að jeg geti framfleitt skylduliði mínu án einhverrar hjálpar.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 31 Januar 1908.

Bjarni Guðmundsson

Meðtal vistar
bd. –

Til hinnar heyðruðu fátækranefndar í Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[note: svarað] 13/2. 08. –

Hérmeð leyfi eg mér virðingarfyllst að tilkynna yður herra fátækrafulltrúi Reykjavíkurbæjar að Sigurður sonur Jóns Jörundssonar frá Helgastöðum í Reykjavík var ráðinn vinnumaður við Laugarnes-spítalann þetta yfirstandandi vistarár.
Piltur þessi sem er 19 ára gamall veiktist í sóns-um upp úr mislingunum síðastliðið haust, og var fluttur á geðveikrahælið á Kleppi 4. nóvember, og annaðist spítalinn í Laugarnesi kostnað þann er af veru hans leiddi, þar til 4. febrúar þetta ár. Lengri tíma áleit spítalinn á Laugarnesi sig eigi skyldann að kosta veru hans á Kleppi. En þar sem nefndur Sigurður er fæddur í Reykjavík og hefir eigi unnið sér annarsstaðar sveitfesti, og enn fremur sökum þess að faðir hans er bláfátækur og aldraður maður, leyfi eg mér hérmeð virðingarfyllst að tjá yður frá þessum málavöxtum.

Laugarnesi 12. febrúar 1908.

Virðingarfyllst.

Hermann Jónasson

Til fátækrafulltrúans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þúfur 13/2. -8.

Þar sem ómaginn Hólmfríður Þórðardóttir, sem alist hefur upp hjá mér, á að kristnast komandi Sumar, og þarf því að skaffa henni sómilegan fatnað til fermingarinnar en þar eð ástæður mínar eru fremur lakklegar, þar sem konan mín er sama sem leggjandi rúm-föst og mállaus, en jeg gamall og efnalítill verður mér því ómögulegt að útbúa hana með fatnað. Vil jeg því hjermeð virðingarfyllst leyfa mér að fara þess á leit við hina háttvirtu Fátækranefnd Reykjavíkur, að hún vildi gjöra að leitast til um að veita mér 30 kr styrk úr bæjarsjóði til fatakaupa handa tjeðu barni (Hólmfríði) Jeg ber það traust til hinnar háttvirtu nefndar að hún veiti mér greindan 30 kr. styrk. Því ekki er af vanþörf beðið.

Virðingarfyllst
Sigurður Jónsson, Kasthús

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 9/4. 1908.
viðurkent.

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 23. d. marz mán. 1908.

Viðurkenning þessi send bæjarfógetanum á Seyðisfirði 28/4. 1908.

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði hefur í brjefi dags. 19. f. m. skýrt mjer frá, að Jóhannes Oddsson þurrabúðarmaður þar, sem er talinn sveitlægur hjer, hafi orðið styrktar þurfi af fátækrafje.

Um leið og jeg sendi hinni heiðruðu fátækranefnd erindi þetta með 2 fylgiskjölum, mælist jeg til, að fá yfirlýsingu hennar um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvort nefndur Jóhannes Odds-
son sje sveitlægur hjer.

Halldór Daníelsson

Til
fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23/3

Bæjarfógetinn á Seyðisfirði,
19. febrúar 1908.

Eins og meðfylgjandi staðfest útskrift úr lögregluréttarbók Seyðisfjarðarkaupstaðar og staðfestur útdráttur úr gjörðabók bæjarstjórnarinnar hér ber með sér hefir Jóhannes þurrabúðarmaður Oddsson hér í bænum orðið styrks þurfi af almanna fé vegna heilsuleysis. Hefur honum því þegar verið veittur dálítill styrkur úr bæjarsjóði til bráðabyrgða og má gjöra ráð fyrir að nauðsyn verði að bæta þar viðsíðar.

Eftir skýrslu þurfalingsins virðist það tvímælalaust, að hann eigi framfærslurétt í Reykjavík; vil eg því mælast til þess að þér, herra bæjar-

Bæjarfógetinn í Reykjavík
Dagbók 1908 No. 248.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fógeti, hlutist til um að réttur þessi verði niðurkemdur og að 2/3 hlutar hins veitta styrks verði á sínum tíma endurgoldnir Seyðisfjarðar kaupstað.

pr. Jóh. Jóhannesson
Bjarni Jónsson
— settur —

Til

bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útdráttur

## úr

## gjörðabók bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar.

―――――

Ár 1908, mánudaginn 17. febrúar átti bæjarstjórnin fund með sér í bæjarþingstofunni; mættir voru oddviti og allir bæjarfulltrúarnir nema Jón Stefánsson, sem er erlendis.

Þessi mál voru tekin fyrir:

. . . . . . . . . . . . . . . .

№ 10. Oddviti tilkynnti bæjarstjórninni, að Jóhannes Oddsson hefði orðið að leita fátækrastyrks og að honum hefði þegar verið veittur dálítill styrkur úr fátækrasjóði gegn [illegible]

Bæjarfógetinn í Reykjavík
Dagbók 1908 No. 248
Ar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjaldi frá framfærslusveit hans, sem er Reykjavíkurkaupstaður.

Bæjarstjórnin fal oddvita sínum að tilkynna framfærslusveitinni styrkveitinguna og krefja hana á sínum tíma um endurgjald á 2/3 styrksins.

. . . . . . . . . . . . . . . . . .

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir.
Gjörðabókin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið.

Bjarni Þ. Sigurðsson — Jóh. Jóhannesson
Egg. Jónsson — Herm. Þorsteinsson
St. Th. Jónsson — Jón Jónsson.

Réttan útdrátt staðfestir:

Bjarni Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift
## úr
## lögreglurèttarbók Seyðisfjarðarkaupsstaðar.

Ár 1908, föstudaginn 14. febrúar, var lögreglurèttur Seyðisfjarðarkaupstaðar settur á skrifstofu bæjarfógeta og haldinn af sýslumanni og bæjarfógeta Jóh. Jóhannessyni með undirrituðum vottum; var þá tekið fyrir:

að taka skýrslu af Jóhannesi Oddssyni þurrabúðarmanni hèr í bænum vegna þess að hann hefir beiðst styrks af bæjarsjóði til framfærslu sèr og skylduliði sínu.

Fyrir rèttinum mætti nefndur Jóhannes Oddsson, 39. ára að aldri, og var hann áminntur um sannsögli. Hann gefur undir eiðstilboð svolátandi skýrslu: Hann kveðst vera fæddur í Landakoti í Reykjavík 26. júní 1868 og voru foreldrar hans Oddur þurrabúðarmaður Oddsson og kona hans Friðrika Þorláksdóttir; dvaldi hann hjá foreldrum sínum í Reykjavík til þess hann var 12 ára, þá fór hann að Kambshóli í Svínadal í Borgafjarðarsýslu og dvaldi þar í 4 ár, en fór því næst að Bjarteyjarsandi á Hvalfjarðarströnd í sömu sýslu. Þaðan fluttist hann ári síðar að Giljárseli í Torfalækjarhreppi í Húnavatnssýslu,

Ad
Bæjarfógetinn í Reykjavík
Dagbók 1908 No. 248

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þaðan árið eftir að Hamrakoti í sama hreppi, þaðan árið eftir, að Hrafnabjörgum í (þaðan árið eftir að Réttarhóli í Áshreppi í sömu sýslu) Svínavatnshreppi í sömu sýslu, (þaðan árið eftir að Torfalæk í Torfalækjarhreppi í sömu sýslu, þaðan eftir hálft ár til Reykjavíkur til lækninga og var sumpart þar sumpart suður í Garði það sem eftir var vetrar. Næsta vor fór hann að Hofi í Vopnafirði í Norður-Múlasýslu; þaðan eftir 2 ár í Vopnafjarðarverzlunarstað, þaðan eftir 1 ár að Bræðraborg í Seyðisfirði þar dvaldi hann 8½ ár og kvæntist árið 1895 Oddnýju Sigríði Bjarnadóttir, sem er fædd 10. September 1873 að Hvalsnesi í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu, og eiga þau nú 5 börn á lífi, sem eru 11 ára, 7 ára, 5 ára, 3 ára, og ½ árs. Árið 1902 fluttust þau hjónin frá Seyðisfirði til Reykjavíkur og dvöldu þar 1½ ár, en hurfu þá aftur til Seyðisfjarðar vorið 1904 og hafa dvalið hér síðan. – Lítilsháttar fátækrastyrk kveðst yfirbeyrði hafa þegið áður hér á Seyðisfirði árið 1902 og árið 1905, en borgað hann sjálfur aftur á þessum sömu árum. – Um heilsufar sitt segir hann, að hann hafi verið mjög heilsutæpur allatíð síðan hann var 17 ára, og hafi hann að jafnaði verið fatlaður frá vinnu um langan tíma af árinu, sömuleiðis hafi kona hans verið heilsutæp

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bú síðari árin, og geti hvorki hún né börnin aflað neins til heimilis þarfa.

Sjálfur kvedst hann eigi hafa verit sérstaklega neina iðn og sé nú sem stendur atvinnulaus. Eignir kvedst hann engar eiga, sem telja megi, nema húskofa, sem hann býr í, virtan á 1000 krónur, veðsettan fyrir 400 króna skuld. Auk þess kvedst hann skulda um 150 krónur við verzlanir hér í bænum.

Matbjörg kvedst hann eigi eiga nema ½ tunnu af slátri. Hann kvedst nú vera orðinn styrks þurfi vegna langvarandi heilsuleysis.

Upplesið, játað rétt bókað.

Jóhannes Oddsson

Rétti slitið.

Jóh. Jóhannesson

Vottar:

Bjarni Jónsson.

Sig. Baldvinsson.

Rétta útskrift staðfestir:

Bjarni Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8/10. 1908. Afgreitt til bæjargjaldkera; fyrirlagt að senda peningana út með fyrstu póstferð. —

**BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK**

Reykjavík 22. d. Maí mán. 1908.

Hjermeð leyfi jeg mjer að senda hinni heiðruðu fátækranefnd til afgreiðslu kröfur frá

1. Vordingborgar geðveikraspítala að upphæð 72 kr. 22 a. fyrir fatnað handa Þorsteini Pálssyni; og
2. fátækrastjórn Kaupmannahafnar að upphæð 271 kr. 88, sem er 3/4 hlutar legukostnaðar Jóns sonar Kristjönu Jóhannesdóttur á bæjarspítalanum þar.

Halldór Daníelsson.

Til fátækranefndar Reykjavíkur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 25/6. 1908.

Ársið 50 kr. 8/10. 08.

Skipholti í Árnessýslu 10. maí 1908

Háttvirta bæjarstjórn!

Með því að drengur sá að nafni Ragnar Nýborg, sem jeg fyrir milligöngu hr. háyfirdómara Kristjáns Jónssonar og verzlunarmanns Davíðs Jóhannessonar í Rvík, hef haldið frá s. l. fardögum, reyndist svo skammt á veg kominn í bóklestri og kristindóms uppfræðslu við prófun séra Kjartans Helgasonar í Hruna s. l. haust, varð jeg í samráði við nefndan prest að kosta dreng þenna til náms í Hreppum n. l. vetur. Meðgjöf með honum þann tíma 85 ar. á dag = 65.45. Og þar sem R. N. kom til mín mjög svo fatalaus, hefur reynst heilsuveill og að ýmsu leyti gallaður, leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn, að henni mætti þóknast, að greiða mjer að fullu kennslukostnaðinn, að öðrum kosti er jeg ófáanlegur til að halda opt nefndan dreng n. k. vetur.

Virðingarfyllst

Guðm. Erlendsson

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur kaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vottorð.

Samkvæmt beiðni hr. Guðm. Erlendssonar bónda að Skipholti votta jeg undirskrifuð hjer með sem kennari í Hrunamannahr., að Ragnar Nýborg í Skipholti naut kenslu minnar í 11 ellefu vikur næstl. vetur. Mjer er og kunnugt að hinn hluta vetrarins stundaði Ragnar námið með nauðsynlegri hjálp af hálfu heimamanna.

Staddi Reykjavík, 25. apr. 1908.

Margrjet Eiríksdóttir
kennari í Hrunamannahr.

Til
bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 3. d. júlí mán. 1908

Bæjarstjórnin hefur eptir tillögum fátækranefndarinnar veitt fátækrafulltrúunum Jóni Eyjólfssyni og Bjarna Jónssyni lausn frá fulltrúastarfinu og jafnframt kosið þá Gísla Jónsson kaupmann Laugavegi og Árna Einarsson verslunarstjóra fátækrafulltrúa í hinna stað.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu fátækranefnd.

Halldór Daníelsson.

Til
Fátækranefndar
Rvíkur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við undirskrifaðir leifum okkur hjermeð að stinga uppá fyrir fátækra fulltrúa í staðin fyrir Jón Eyjólfsson kaupmann sem er fluttur til Hafnarfjarðar og í staðin fyrir Bjarna snikkara Jónsson sem er að segja sig frá þeim starfa, þeim Árna Einarssyni verslunarmanni og Gisla Jónssyni kaupmanni báðum á Laugaveg

Reykjavík 25 Júni 1908

Samúel Ólafsson

Bjarni Jónsson Laugaveg 30

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 28/9. '08.
—"— 8/10. 08. Hallad.

Með því að gamalmennið Ingunn Sigvaldadóttir, sem komin er fast að níræðu, og hjá mjer hefir verið á annað ár gegn 16 króna mánaðarlegu meðlagi af fátækrasjóði, er svo hrum og þungur ómagi, að jeg eigi lengur get haldið hana fyrir sama meðlag, leyfi jeg mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækrastjórn að hún frá byrjun þessa mánaðar og framvegis borgi mjer af fátækrasjóði, sem meðlag með tjeðri Ingunni Sigvaldadóttur, 22 krónur á mánuði hverjum meðan hún er hjá mjer, því fyrir minna meðlag get jeg eigi haldið hana.

Njálsgötu 39 í Reykjavík 24. sept. 1908.

Virðingarfyllst.

Ástríður Hannesdóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Innsendt 8/10 - '08.
Veitt.

Það stendur á, að aumingja dóttir mín Anna Einarsdóttir eignaðist fyrir 3½ ári síðan piltbarn, sem hún lýsti Kristinn Guðmundsson á Bergstöðum föður að, en sem hann eigi vildi kannast við, og að lokum synjaði fyrir með eiði. Er barn þetta því föðurlaust, og hefir síðan það fæddist verið hjá mjer án þess jeg hafi fengið nje geti búist við að fá nokkurt endurgjald fyrir uppeldi þess. — En í fyrravetur, 11. nóvember, ól nefnd dóttir mín, Anna, aptur piltbarn, sem í skírninni hlaut nafnið Ragnar. Föður að því barni lýsir hún Einar Einarsson frá Háholti, sem í fyrrahaust drukknaði á skemmtiför fyrir utan Engey, litlum tíma áður en barn þetta fæddist. Var hann þá snauður að fje, og er því ekki neinnar meðgjafar að vænta með barni þessu frá hans hálfu.
Þegar nefnd dóttir mín, Anna, ól þetta seinna barn sitt var hún komin í vist að Skálmholti á Skeiðum. En ljósmóðir Helga Eiríksdóttir, kona Jóns Einarssonar á Vorsabæ á Skeiðum, tók barn þetta heim til sín þegar það var tveggja nátta gamalt, og hefir haldið það síðan. Er þar ágætur staður svo þar fer mjög vel um barnið, enda kvað það vera mjög efnilegt. — Jeg hefi nú af veikum kröptum borgað frá sjálfri mjer sængurlegukostnað dóttur minnar í fyrravetur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og meðlag með þessu barni fram að þessum tíma að því
leyti sem sumarkaup dóttur minnar eigi hrökk til.

En af því að mjer af eigin rammleik er ómögulegt að geta
alið önn fyrir báðum börnum nefndrar dóttur minnar, neyðist
jeg til auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn
að veita mjer af fátækrasjóði 5 króna mánaðarlegan styrk
frá byrjun þessa mánaðar og framvegis, til þess að jeg
geti greitt það í meðlag með nefndu dótturbarni mínu
Ragnari, til heiðurshjónanna Helgu Eiríksdóttur og
og Jóns Einarssonar á Vorsabæ, því mjer er mjög um-
hugað um að barnið geti framvegis fengið að vera í
svo góðum stað, en get, því miður, ekki annast um það
sjálf sökum fátæktar minnar, nema því að eins að hin
háttvirta fátækrastjórn veiti mjer til þess hinn
umbeðna 5 króna mánaðarlega styrk.

Bergstaðastræti 12 (Brenna) í Reykjavík, 7. október 1908.

Auðmjúklegast.

Ragnheiður Sigurðardóttir.

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svarað 8/10. 08.

Að eg mætti hjer með biðja hina Heydruðu Fatækranefnd svo vel gjöra og hjálpa mjer um dálítið Bráðabirgðar lán svo sem 35 til 40 krónur til þess að eg geti með því eignast dálítið af slátri eða kjöti. Eg vil bera mig að borga það svo fljótt sem mjer er mögulegt. eg er að vona að þegar þessi vetur er liðin sem bráðum fer að byrja að það verði ljettara á mjer hvað börnin snertir. og vonast til að þarfnast ekki hjálpar fleiri haust á sama máta og þettað. En í þettað sinn hef eg mikla þörf fyrir að fá þettað lán

Virðingarfyllst

Raudagerði 6 Oktober 1908

Stefán Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 8/10 '08. veitt 50 kr

Sökum fátæktar minnar og heilsuleysis neyðist jeg til auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer af fátækrasjóði 100 kr, til þess að jeg fyrir það fje geti keypt mjer kjöt, innmat, kol og olíu, sem heimilisforða fyrir mig, konu mína og börn okkar næstkomandi vetur

Smiðjustíg 11 í Reykjavík, 7. okt. 1908.

Auðmjúklegast.

Sveinn Ólafsson.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þyrleif Guðmundsdóttir, þurfalingur Borgarhrepps í Mýrasýslu, hefur nú um hríð verið undir minni hendi til lækningar á St. Josephs spítala vegna berkla í útlimum og lungum. Hún er nú svo á veg komin, að ekki verður sjeð að sjúkrahúshalds þurfi af henni, nema henni versni frá því sem nú er, og óvíst ef unnt verði að fá henni samastað í sveit.

Reykjavík 17. júlí 1908

G. Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 13/8. 08.
fundur 8/10. 08. úthlutar

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

8.ágúst 1908

31

Hjer með tilkynnist fátækranefndinni að upphæð sú, sem þetta ár verður úthlutað úr Alþýðustyrktarsjóði, er 370 kr..

Páll Einarsson

Til

Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 8/9 - 08.
veitt. -

Hjermed leifi jeg mjer. ad fara framm á vid hina Hæstvirdu Fátækranefnd. Reykjavíkur. ad hún hækki (árs) medlag med Sigfúsi Gunnlaugssyni (5 ára ad aldri) uppí 100 kr. Eitt hundrad krónur. Gegn því ad jeg haldi hann til sama tíma næsta árs (1909.)
Sömuleidis ad jeg geti fengid nú í einu medlagid frá 1. október 1908 til 1. janúar 1909. Að ödrum kosti verd jeg þá ad segja mig lausan vid hann sem fyrst.
En fremur eptir Nýár 1909., medlagid aptur fyrir 3. mánudi. og svo áfram, Gegn því ad jeg borgi hönum aptur til baka. ef dreingurinn kynni frá ad falla ádur en sá tími er útrunnin sem medlagid er borgad fyrir.

Virdingafyllst., Hafnarfirdi 4/10-08

Björn Sigurdsson

Til fátækranefndarinnar í Reykjavík.,

Veitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ef hin heidrada fátækra nefnd gengur ad þessu framanritudu. Þá veitir herra trésm. — — — Þorsteinn Magnússon. Bergstadastig 24 Rvík med laginu móttöku fyrir mína hönd og kvittar fyrir. Sami B. S.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sunde 24/9. 1908.

Ég undirritaður leyfi mér hérmeð að snúa mér til hinnar heiðruðu fátækranefndar Reykjavíkurkaupstaðar með þau tilmæli að hún vildi veita mér af fátækrasjóði meðgjafarstyrk með barninu Þórú Gunnlaugsdóttur (prentara ~~Ólafssonar~~ Ó. Björnssonar), sem hjá mér hefir dvalið síðan í fyrra vor, er móðir hennar veiktist og dó. Þótt ég hafi fyrir bænastað hennar sjálfrar haldið barna meðgjafarlaust síðan, sé ég mér það eigi fært áfram, nema eg njóti einhvers styrks, fyrst og fremst ókeypis kenslu fyrir barna í barnaskólanum, sem hún var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í síðastliðið ár (hún er nú 8 ára
gömul), og þar næst einhvern
styrki að öðru leyti, sem eg vil
fela hinni heiðr. nefnd að ákveða
eftir því sem henni virðist
sanngjarnt.

Rvík, Bergstaðastr. 46B, 14. sept. 1908.
Jón Eyjólfsson

Til
fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 5 ivoks.

sendur 27/8. 08. —

sendur 24/9. 08.

Hjer med vil eg Virdingarfyllst minna á blinda Omagann Sigridi Magnusdóttir sem búin er leingi ad dvelja hjá mjer og nú á seyrni árum med mjög veikri heylsu þó þettad ár hafi verid henni framúrskarandi kvalamest. Eins og mörgum er kunnugt þar sem blinda augnanna var nú í ár med svo miklum kvölum sem spreingdu um sydir annad augad út svo ad það vard ad skjerast úr henni og hafdi það mikin kostnad í för med sjer sem ad miklu leyti var útlagt til ad lenti á mjer, og þar ad auki mikid meyri veiki og kvöl sem þurfti Lækrishjálp uppá Endurgjald frá mjer. med mikilli adhlynningu opt og tídum nótt og dag sem hefdi þurft sjer=staka manneskju til ad stunda ef hægt hefdi verid, En medlagid med þessum aumingja er adeins 100 krónur um árid, En til þess ad eg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

geti haldið svona þingan ómaga framveigis. Er eg knúður til að fara þess á Leyt við hina Heyðruðu Fátækranefnd að meðlagið mætti hækka uppí 15 krónur um mánuðin sem yrði 180 krónur um árið. Skyldi nú þessi upphæð þykja ósanngjörnleg. og mjer mætti ekki veytast hún. og þar eg hefi fyrir mínum Egin börnum að sjá og Ekkjert annað stóla uppá. En minar tvær höndur til að vinna fyrir þörfum heymilisins og þeim gjöldum sem eg hlít að gjalda – þa visa eg nefndinni til að taka þennan aumingja og sjá um hana Eins og henni þóknast. Eg læt Ekki ósk þessa aumingja til að fá að vera kir. Eða gamla trigð konunnar minnar til hennar, halda mjer í þeim fjötrum að þurfa að leggja hardt á mig og börnin til að sjá fyrir Sveitarómaga sem mjer er hvorki skyldur. Eða á neyrnveg Vandabundin að þvi leyti sem meðlagið í anngvan mátta

getur rekkað til. En veytist mjer þessi meðlags hækkun, vona eg að hún verði reyknuð frá 1 September næstkomandi

Virðingarfyllst

Klapparstig 15 24 Agúst 1908

~~Helg~~ Helgi Runólfsson

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 14/5. '08.

Hverfisgötu 28, – 4 Mai 1908

Þar sem heylsu minni hnignar og
eg á bágt með að halda áfram með að
skjera tóbak sem eg hef gert að undan
förnu og er það Eina sem eg hef getað
haft gott af auk þess sem hin Heydraða
Fátækranefnd hefur styrkt mig með
8 krónum um mánuðin, verð eg að segja
að eg líð heldur skort þó eg geti Ekki
sagt að það sje stór neyð. En nú er það
vyrdingarfyllst bón mín að hin sama
Heydraða næfnd vildi svo vel gjöra og
hækka styrkin með 2 krónum, að það
mættu verða 10 krónur um mánuðinn
hjer Eptir. vyrdingarfyllst

Reyknað frá 1 Mai

Jóhann Jónsson Blindi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundar 14/5. 08.

Hjer með læt jeg undirskrifaður hina heiðruðu fátækranefnd Reykjavíkurkaupstaðar vita að þegar Guðrún Friðriksdóttir hefur lokið þriðja ári til veru hjá mjer, held jeg hana ekki lengur á mínu heimili nema því að eins að meðgjöfin verði hækkuð uppi að minsta kosti 150 kr (eitt hundrað og fimmtíu krónur) yfir árið

virðingarfylst

Hraðastöðum 9 Mai 1908

Magnus Olafsson

Til Fátækranefndarinnar í Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 25/6. '08.

Vegna þess að Blöndalsbær (Nýholt) í Þingholtum, sem er eign fátækrasjóðsins, og sem jeg hefi fengið að vera í undanfarin þrjú ár, er svo ónógur og rúmlítill til íbúðar fyrir mig og 6 börn mín, og föður þeirra Olaf Bjarnason, sem nú er orðinn brjóstveikur, og lá á Landakotsspítalanum yfir því mánaðartíma, og kom svo heim til mín aptur fyrir nálægt hálfum mánuði, lítið betri til heilsu en hann var áður en hann fór á spítalann, en hjeraðslæknirinn segir að hann *megi ekki sofa í sama verelsi* og jeg og börn okkar, en verði að hafa *sjerstakt herbergi* til að sofa í, – þá leyfi jeg mjer auðmjúklega að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækrastjórn að hún, svo fljótt sem auðið, er láti stækka þennan bæ sinn, annaðhvort með því að lengja hann, eða breyta honum þannig, að hann verði rúmmeiri, og ofannefndur sjúklingur Olafur Bjarnason geti fengið þar *sjerstakt herbergi* til að sofa í, og jeg og börn okkar getum auk þess haft þar nægilegt húsrúm til íbúðar.

Blöndalsbæ í Reykjavík, 23. apríl 1908.

Auðmjúklegast.

Sigríður Þorláksdóttir.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 14/5. 1908.

Hér með leyfi ég mér undirritaður að beiðast þess, að hin heiðraða fátækranefnd Reykjavíkur greiði mér ./. meðfylgjandi reikning yfir legu og útfararkostnað Guðríðar sál. Einarsdóttur frá Brekkuholti í Reykjavík, að upphæð Kr. 69.32.

Samþykt á fundi 14/5. '08, og ávísað 26/5. 08.

p.t. Reykjavík 11. apríl 1908

Sigurjón Steinþórsson

frá Króki í Hraungerðishreppi

Til fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 28. apr. 1908
fundur 25/6. '08.

Jeg undirskrifaður leyfi mjer hjer með virðingarfyllst að leita til hinnar háttvirtu fátækranefndar, með húsaleigustyrk yfir allt árið, nefnilega frá 14. maí næstkomandi 6 Kr. mánaðarlega; minni íbúð kemst jeg ekki af með fyrir 6 menn. — Þessari beiðni minni til skýringar skal jeg geta þess, að jeg fæ ekki leigt upp á eigin ábyrgð, enda haldur engar líkur til þess, því þó jeg hafi nauðsynlega

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atvinnu að sumrinu, þá
er afgangur engin, þegar
búið er að klæða og fæða
6 menn til þess að borga
húsaleigu. Jeg treysti
því fastlega að hin heiðraða
nefnd veiti mjer því
húsaleigustyrkinn árlangt.

Virðingarfyllst.

Þórður Þorkelsson
frá Grjóta.

Til

fátækranefndarinnar í

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(NB: Gísli Guðmundsson frá Hólsenda)

Sam. Ól. G. Eiríks.

Drengurinn er nú hjá Árna Þórðarsyni á Stóra-Ármóti, og verður þar fyrst um sinn meðgjafarlaust, ef hann heldur sömu heilsu. – 1/8. '08. –

fundur 23/7. 1908.

Hjer í Hraungerðishreppi er í sveit piltur nokkur, að nafni Guðmundur Sæmundsson, er kveðst vera fæddur í Reykjavík 8 april árið 1892 og verður, eptir því, fullra 16 ára í næsta mánuði. Piltur þessi getur ekki unnið fyrir sjer sökum vanheilsu, og leyfi jeg mjer því hjermeð virðingarfyllst, að gjöra fyrirspurn um það til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, hvort hún kannist við framfærslurjett þessa þurfalings í Reykjavík, og ef hún gjörir það, þá óska jeg eptir, að hún hlutist til um, að hann verði fluttur til Reykjavíkur hið bráðasta, þegar er hann er fullra 16 ára, eða komi sjer saman um flutninginn við hreppsnefndina hjer í hreppi.

ekki normal!

Hraungerðishreppi 20. mar 1908

Guðmundur Snorrason

oddviti.

Til

bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible] 25/6. '08.

En á ný dyrfist jeg undirskrifadur hér med ad fara þess á leit við hina heidr-udu Fátækranefnd Reykjavíkur, ad hún vilji svo vel gjöra, og á einhvorn hátt bæta kjör mín svo ad jeg, og þeir sem jeg hef undir hendi ekki þurfi ad lifa neidar lífi; því eg gét ekki komist af med þad til lag sem eg nú hef. sem er 7½ króna um mán-udinn og verda þó ad borga af því 1½ krónu í Húsaleigu í vidbót við þá húsaleigu sem mér er mánadarlega til lögd, af þessum 6 kr (sem þá eru eftir á svo ad fæda og klæda þrjár manneskjur, þó Bjarna mínum sje þar med sleppt og látid svo heita ad hann vinni fyrir sér, hann hefur nú þetta ár 20 kr um mánudinn í fædispeninga og af því á hann ad hafa fæit og fædi og alla umönnun, med Barninu sem hjá okkur er hef eg fengid nú í samfelt fjögur ár. samtals yfir þann tíma, 50—60 krónur og hjá [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjöf það er með Barni.
Nú þettað getur ekki þannig gengið
jeg gét ekki beðið menn að lána mér
aftur og aftur þegar jeg sé framá, að
jeg gét ekki borgað. það hetir að sníkja
út úr öðrum og það er í mínum augum
tíu sinnum verra en að þiggja af fátækra
sjóði. og er þó ekkert ánægjulegt líf.
Jeg fjölyrði þetta svo ekki meir en treysti
hinni heiðruðu fátækra nefnd til aðráða
einhverja bót á þessu á hagkvæmasta hátt
Laugaveg 22. 9. Júni 1908
Með virðingu
Sigurður Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svarað 25/6. 1908.

Austurkoti 3. júní 1908

Útaf þeirri niðurstöðu er fátækra-nefnd Reykjavíkur hefir komist að, um meðgjöf með barni Stefáns Hannessonar fyrir nýlega byrjað krossmessu ár, er eg óánægður. því mér finnst að eg ekki hafi farið fram á neina ósann-girni þar sem eg hefi eins og nefndin veit haldið það því nær fyrir ekkert síðastliðið ár en vitanlega gat á síðastliðnu hausti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

krafist meðlags þegar Stefan greiddi ekkert.

Nú er það boð mitt (eins og eg sagði þvíði Narfasyni og hann mun hafa skýrt frá) að eg skal halda barnið þetta ár gegn 80 kr meðlagi annars ekki.

Með virðingu.

Jón Hannsson

til

fátækranefndarinnar í Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eins og fátækranefndinni er kunnugt er barn Stefáns Hannessonar hjá mjer og hefur verið án meðlags og ekkert borgað af hans hendi, enda var í fyrstu ekki mín meining að vera strangur í kröfunum hennar vegna; en þar sem nú ástæður mínar hafa verið mjög erfiðar þennan vetur, þar sem tengdamóðir mín, níræð, hefur þurft mikla aðhjúkrun, og sjálfan mjög heilsulítinn, þá tók útyfir að jeg fatlaðist í fæti sem hefur tekið mig 6 vikna tíma frá vinnu og hjálp til heimilisins; neyðist jeg því til að leyta hinnar heiðruðu fátækranefndar að hún hjálpi mjer um venjulegt 1 árs meðlag, með téðu barni, í þeirri von að eitthvað náist hjá Stefáni þar fyrir. —

Austurkoti í Kaplaskjóli 31. marz 1908

virðingarfyllst

Jón Hannesson

Til

Fátækranefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

fundur 14/5. '08.
sv. bæjarfógeta 4/6. '08.

Reykjavik 8. maí mán. 1908.

Hin heidrada fátækranefnd hefur med brjefi dags. í gær sent bæjarstjórninni álit sitt um erindi frá Sigrídi Bjarnadóttur ekkju Ásgríms Gunnarssonar. Fer hún fram á ad henni verdi gefinn upp fátækrastyrkur, er hún hefur fengid hjer sídan madur hennar dó, til þess ad hún geti gipzt Sigurdi nokkrum Halldórssyni frá Akranesi, er nú býr med henni, og leggur fátækranefndin til, ad þessi beidni Sigrídar verdi samþykkt med þeim skilyrdum, ad hún giptist nefndum Sigurdi og fátækrasjódur losni um leid vid öll þyngsli af henni og börnum hennar.

En jafnframt hefur bæjarstjórninni borizt erindi frá Gudmundi Jónssyni, sem tók saman vid Sigrídi skömmu eptir lát manns hennar, bjó med henni 7 ár og átti vid henni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5 börn, sem öll munu vera á lífi. Hann ber sig mjög upp út af framkomu Sigríðar við sig og háttalagi hennar öllu, enda virðist hún hafa slitið tryggðum við hann að ástæðulausu. Er Guðmundi hugarhaldið að mega taka upp aptur sambúð við Sigríði og börn þeirra, sem komin eru á legg, og þess vegna telur hann það mjög illt, að henni verði leyft að giptast Sigurði.

Þó að gjöra megi ráð fyrir, að tæplega muni takast að koma á sátt og samkomulagi milli þeirra Guðmundar og Sigríðar, sem þó væri heppilegast vegna barna þeirra, þykir bæjarstjórninni þó rjett, áður en hún ræður málinu til lykta, að beiðast álits fátækranefndarinnar um erindi Guðmundar, og þá sjerstaklega um Sigurð Halldórsson, hvort hann sje álitinn maður að ráðlegt sje að bæjarstjórnin styðji að því, að Sigríður bindi lag sitt við hann til langframa.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg læt því hjérmeð fylgja bréf Guðmundar Jónssonar og mælist til að fá það endursent með svarinu.

Halldór Daníelsson.

Til

fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurður Halldórsson, 28 ára, ættaður úr Lunda-Reykjadal, reglumaður, talinn efnalaus; lífsábyrgð 2000 kr. — Barnlaus, áður; — átti eitt barn á Akranesi, sem dó. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Samsöngur og hljóðfærasláttur**

*í Bárubúð sunnud. 17. maí kl. $8^1/_2$ síðd.*

**B. h. f.**

# Söngskrà:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | P. Tscaïkowsky: | Barcarolle op 37: Flygel-solo . . . | Kristrún T. Hallgrímsson |
| 2. | Julius Bechgaard: | »Arie of Operaen Frode« . . . . . | Einsöngur: . Th. Balslev |
| 3. | — — | Ved Land- og Sömandsliv . . . | (læknir á Isl. Falk.) |
| 4. | Edv. Grieg: | Munaðarleysinginn . . . . . . . . | Einsöngur: |
| 5. | — — | Vögguljóð úr »Peer Gynt« . . . . . | Elín Matthíasdóttir |
| 6. | Beethoven: | a. Adagio . . . . . . . . . . . | Fiðlusólo: |
| 6. | — | b. Scherzo . . . . . . . . . . . | G. Rasmussen cand. pharm. |
| 7. | Fr. Schubert: | Frühlingsglaube . . . . . . . . | Th. Balslev |
| 8. | Edv. Grieg: | Den store hvide Flok . . . . . . . | Th. Balslev |
| 9. | P. Heise: | »Humleranken« úr »Drot og Marsk« . . | Elín Matthíasdóttir |
| 10. | Rob. Schumann: | Kveðja . . . . . . . . . . | Elín Matthíasdóttir |
| 11. | Gounod: | »Rondo« úr »Romeo og Julie« . . . . . . | Th. Balslev |
| 12. | Beethoven: | »Die Sehnsucht« . . . . . . . . . . | G. Rasmussen |
| 13. | — | Rondo . . . . . . . . . . , . . . | G. Rasmussen |
| 14. | Mozart: | Tvísöngur úr »Figaros Bryllup . . . . . | Elín Matthíasdóttir, Th. Balslev |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26/6.08.

Ávísið 60 kr.. –

~~Með~~ ~~því~~ Því að Björn bóndi Sveinbjarnarson í Þverfelli í Lundarreykjadal hefur fyrir hönd dóttur sinnar Guðlaugar Sigríðar og með skírskotun til laga 12. jan. 1900 krafist þess að sjer yrðu greiddar úr sveitarsjóði Lundarreykjadalshrepps 60 – sextíu – krónur, sem meðlag með barninu Kristmanni Borgfjörð (fæddum 23. oktober 1901), sem er óskilgetinn sonur nefndrar Guðlaugar Sigríðar og Guðmundar Jónssonar á Helgastöðum í Reykjavík. Og eru nefndar 60 krónur meðlag af hálfu föður nefnds barns frá 23. oktober 1906 til 23. apríl 1908, samkvæmt amtsúrskurði frá 21. júlí 1902.

Hefir hreppsnefndin sjer því hjer með að krefjast þess að ofannefndar 60 krónur verði nú þegar greiddar úr fátækrasjóði Reykjavíkur kaupstaðar, þar eð nefndur Guðmundur Jónsson mun vera öreigi.

Hreppsnefndin hefur veitt Tómasi bónda Þorsteinssyni á Arnþórsholti umboð til þess að veita móttöku og kvitta fyrir ofannefndar 60 krónur fyrir hönd Lundarreykjadalshrepps.

Lundi 6. júní 1908

Virðingarfyllst

Sigurður Jónsson

(fyrir hönd hreppsnefndarinnar)

Til

formanns fátækranefndar Reykjavíkur kaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Björn bóndi Sveinbjarnarson í Hvera-
felli í Lundarreykjadal, hefur fyrir
hönd dóttur sinnar Guðlaugar Sigríðar,
og með skírskotun til laga 12. janúar 1900 um
meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.,
krafist þess að sjer yrðu greiddar úr sveit-
arsjóði Lundarreykjadalshrepps 40 – fjörutíu –
krónur sem meðlag með barninu Kristmanni
Borgfjörð (fæddum 23. okt. 1901), sem er óskil-
getinn sonur nefndrar Guðlaugar Sigríðar og
Guðmundar Jónssonar á Helgastöðum í Reykja-
vík, og eru nefndar 40 kr. meðlag af hálfu
föður nefnds barns, frá 23. október 1906 til
23. október 1907, samkvæmt úrskurði amt-
mannsins yfir Suður- og Vesturamtinu
dags. 21. júlí mán. 1902.

Leyfir hreppsnefnd Lundarreykja-
dalshrepps sjer því hjer með að óska þess
að nefnd upphæð verði greidd af bæjarsjóði
Reykjavíkur-kaupstaðar, og hefur veitt Gunnari
kaupmanni Gunnarssyni í Hafnarstræti 8 í Reykja-
vík umboð til þess að veita móttöku
og kvitta fyrir nefndri upphæð fyrir
hönd Lundarreykjadalshrepps.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð fylgir lífsvottorð Kristmanns Borgfjörð.

Lundi 11. nóvemberm. 1907

Fyrir hönd hreppsnefndar Lundarreykjadalshrepps.

Sigurður Jónsson.

Til

bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð vottast að Kristmann Borgfjörð Guðmundsson fæddur 23. októberm. 1901 sje á lífi og til heimilis í Þverfelli í Lundarreykjadal.

Lundi 11. nóvemberm. 1907

Sigurður Jónsson
sóknarprestur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eyrarbakkahreppi,
23. júní 1908.

Skilnaður G. G. & Þ. G. 15/1. 1903; gift 2 ár

Fundið 25/6. 1908 — ekkert að gjöra.

Frú Sólveig Danielsen, hér á Eyrarbakka, hefur leitað ráða til hreppsnefndar Eyrarbakkahrepps viðvíkjandi geðveikri systur sinni, Þórunni Gísladóttur.

Nefnd Þórunn Gísladóttir er ættuð héðan af Eyrarbakka og á hér bláfátæka móður, alldraða og mjög heilsulitla. Hún giftist héðan til Reykjavíkur fyrir nokkrum árum Gísla nokkrum Guðmundssyni, en eftir stutta samveru voru þau hjón skilin. Síðan hefur hún lengst af haft heimili hér hjá móður sinni, en síðastliðið fardagaár var hún til heimilis hjá bróður sínum Gísla bónda Gíslasyni á Eystra-Fragerði í Stokkseyrarhreppi. Í vor fór hún til Reykjavíkur, en eftir því sem systir hennar nú segir, mun hún ætla sér að koma hingað austur nú bráðlega og setjast að hjá móður sinni, þó án leyfis.

Síðan Þórunn kom til Reykjavíkur í vor hefur hún dvalið í húsi Sigurðar kaupmanns Björnssonar ~~í Laugaveginum~~ Grettisgötu 38.

Nú með því hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps er það ljóst að bæði móðir nefndrar Þórunnar er ekki fær um að taka á móti henni, hvorki í efnalegu tilliti né heilsu sinnar vegna, og eins hitt að síðan Þórunn skildi við mann sinn hefur hún hvergi unnið sér framfærslusveit og á því framfærslusveit manns síns, sem mun vera Reykjavík, þá vill nefndin helzt vera laus við fyrirhöfn þá, og óþægindi, sem af því leiðir, ef hún kemur hingað heimilislaus.

Hreppsnefnd Eyrarbakkahrepps leyfir sér því, hér með, að skora á fátækrastjórn Reykjavíkur að sjá um að oftnefnd Þórunn Gísladóttir verði ekki flutt burt úr borginni til Eyrarbakka.

Að endingu skal þess getið að frú Sólveig Danielsen hefur talað við lækni geðveikrahælisins á Kleppi og lýst fyrir honum veikindum systur sinnar; mun hann því geta gefið upplýsingar um veiki hennar, enda mun hann hafa verið að líta til hennar við og við.

Virðingarfyllst
Í umboði hreppsnefndarinnar:
Guðmundur Jónsson (oddviti)

Til fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

[illegible] 12/3-1908.

Þareð jeg hefi í hyggju að hætta
við búskap í [illegible] sökum erviðleika
bæði með jörð með fólkshald og fl.
Þá leifi jeg mjer hjer með virðing-
arfylst að sækja um Tómthúsmanna
leifi til hinnar hátt virtu Fátækra nefn-
dar Reykjavíkur bæjar. að meiga setjast
þar að með fjölskildu minni sem að er
konan og tvö börn 4 og 8 ára. við erum
bæði heilsu góð og vona jeg því að mjer
muni takast að vinna fyrir okkur með
til stirk konu minnar. jeg er 31 árs og
kona mín 26 ára.
Eigur okkar eru ekki annað enn
skepnur hús og búsáhöld.
Við eigum 1 Kýr. 5 Hross. og 35 sauð-
kindur.
Auk þess lausligu áætlað, 5–6 hundruð
krónu virði í dauðum munum að [illegible]
dreignum skuldum.
Þótt jeg ekki hafi látið virða þessar
eigur okkar til krónu, þá vona jeg að
nefndinni þikki það nægja til að setjast
í Reykjavíkur bæ.
Jeg læt hjer með fylgja vottorð frá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tveimur kunnugum mönnum
um hvað tíð minni og hvað konu
minnar lýði í hreppi.
Hefði ekki þig að nýju verið
vitt frá 14 Maí næstkomandi:
og óska nýjum svellur ekki þig að
fá sem fyrst.
Virðingar fyllst.
Lið vellur hreppi.
Sandvík: 20 Febrúar 1908.

Magnús Jónsson.

Til
Bæjarstjórn Reykjavíkurbæjar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir beidni herra hreppsnefndaroddvita Magnúsar Jónssonar í Sandaseli, er okkur undirritudum ljúft ad votta, ad framburdur hans á framanritudu umsóknar skjali, er sannleikanum samkvæmur: og ad framkoma hans hjer í hreppi hefur verid í alla stadi heidarleg, hann er stakur reglu madur, er Goodtemplar og brúkar enngva munadar vöru.

Rofabæ og Efri-Ey 23. febr. 1908

Stefán Ingimundarson
(hreppstjóri)

Einar Einarsson
Sýslunefndarmadur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 23/4. '08 synjað.

Þar eg er ein míns liðs síðan eg
misti manninn minn <u>sál</u> af skipinu
Georg í fyrra og hef nú fyrir 2 börnum
að sjá öðru á þriðja og hinu á fyrsta ári
þá er líf mitt heldur erviðleykum bundið
þá Leyfi eg mjer virðingarfyllst að
fara þess á Leyt við hina Heyðruðu
Fátækranefnd að hún vildi svo vel
gjöra og veyta mjer Húsaleigustyrk að
upphæð 5 krónur um mánuðinn ef vera
mætti frá 1. April nú yfirstandandi
Eg óska að mjer mætti veytast þessi
beyðni mín því þörf mín útheymtir
það — Virðingarfyllst

Laugaveg 57 13 April 1908
Jónína Sigurðardóttir

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þrndur 23/4. 08. veitt.

Þar sem eg sje fram á að Ekki muni rætast úr fyrir mjer Eptirleydis í Efnalegu tilliti, því Ekki bætir Bondin kjör min, þá er það virðingarfyllst bón min til hinnar Heyðruðu Fátækranefndar að Húsaleigu styrkurinn sem eg hefi þegið frá 1 Oktober sydastliðin og mun hafa verið tiltekið að mjer ætti að veytast til 14 Mai n.k: mætti veytast mjer framvegis óskjertur. 8 krónur um mánuðinn að öðrum kosti eru meygi vandræði fyrir jáanleg

Virðingarfyllst

Laugaveg 56 — 6 April 1908

Sesselja Þórðardóttir

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Forstöðumaðurinn
á Geðveikrahælinu á Kleppi.

Fundur 9/4. '08.

1. febr. 1908.

Þar sem frændfólk og
skyldulið Steinunnar
Jakobsdóttur, fráskilinni
konu séra Jóhannesar Lynge,
hefir ekki greitt neina
meðgjöf með henni eða skipt
sér neitt af henni, þá
sný eg mér hér með til
fátækrastjórnar Reykjavíkurbæjar
og bið hana að sjá um
greiðslu á meðgjöfinni; nefndur
sjúklingur á sveit í Reykjavík

Virðingarfyllst
Þórður Sveinsson

Til
Fátækrastjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 12/3-'08.

Vegna þess að jeg, sem er á 71 aldursári, er nú orðin svo sjónlítil að jeg lítið sjá til að gjöra, og að öðru leyti svo þrotin að kröptum og heilsu að jeg mjög lítið get unnið fyrir lífsframfæri mína, get jeg ómögulega lengur komizt af með þær 3 krónur, sem jeg hingað til hefi mánaðarlega ~~hefi~~ fengið af fátækrasjóði, og er því knúð til auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að hækka þennan styrk af fátækrasjóði mánaðarlega uppí 14 krónur framvegis frá byrjun næsta mánaðar, því með minni styrk get jeg ekki komizt neyðarlaust af.

Skólavörðustíg 11 í Reykjavík, 26. febrúar 1908.

Auðmjúklegast.

Nielsína Hansdóttir.

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 9/4-08. veitt.

Eg undirrituð Kristgerður Oddsdóttir Grettisgötu 1, Reykjavík, sæki hér með um viðbót við styrk þann, er eg hefi fengið hjá fátækranefnd Reykjavíkur handa þremur börnum mínum. — Þess skal getið, að eg ætla styrk þann, er eg nú sæki um til þess að búa börn mín til farar norður á Melrakkasléttu, þangað sem eg nú þann 14. maí flyt í vist með börn mín. —

Reykjavík 9. apríl 1908.

Kristgerður Oddsdóttir

Til
fátækranefndar Reykjavíkurkaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 9/4. 08. veit.

Til fátækra nefndarinnar
í Reykjavík.

Hér með leyfi eg mér að tilkynna hinni heiðruðu fátækranefnd, að heimilis ástæður mína leyfa ekki að halda Sigurð Björnsson tengdaföður minn framvegis fyrir minna en 25 krónur um mánuðinn, og óska eg að fá meðlagið hækkað fyrir yfirstandandi mánuð.

Virðingarfyllst
7 april 1908
Pálmi Pálmason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur